

12. maí 1982.

75

Nr. 57.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 24/1959.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

14. maí 1982.

Nr. 58.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 95 20. des. 1962, um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsg., er verði 2. mgr. og orðist svo:

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Helgason.

Logi Einarsson.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

14. maí 1982.

Nr. 59.

LÖG

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

41. gr. hljóði svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, sem rikið rekur (ríkisspítölum), svo og þeim sjúkrahúsum öðrum, sem